

Bæjarstjóri, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir gestir.

Ég heiti Marey Edda Helgadóttir og ég kem sem fulltrúi Grundaskóla. Við í ungmennaráðinu höldum málþing þann 1. nóvember síðastliðinn. Á málþinginu komu saman ungmenni úr 7.-10. bekk og ræddu hvað betur mætti fara í bænum okkar. Þar var meðal annars fjallað um skólakerfið, heilsueflingu, umhverfismál, frístundamál og fleira. Þau sem tóku þátt í málþinginu höfðu ýmsar skoðanir á því sem er að gerast á Akranesi.

Krakkarnir höfðu einnig miklar skoðanir á því hvað mætti betur fara í kennslu í grunnskólunum. Þar á meðal margt sem mætti bæta og byrja að kenna okkur sem er mikilvægt fyrir okkur í framtíðinni að kunna betur.

Eitt af því sem mikið var rætt um var of lítil kynfræðsla í skólum. Krakkar eru forvitnir að vita meira um þessi málefni. Í 6. bekk fer fram kynfræðsla þar sem rætt er um blæðingar og kynfærin. Í 9. bekk fengum við kynfræðslu þar sem farið var yfir kynsjúkdóma og hvað þeir væru hættulegir. Einnig fengum við fræðslu um getnaðarvarnir og voru allir sammála um að þótt fræðsla af þessu tagi sé mjög mikilvæg þá sé hún þó mikið byggð á því að hræða okkur - og það er bara ekki að virka. Við þurfum miklu frekar uppbyggjandi og upplýsandi fræðslu í stað þess að fræðast bara um það sem er hættulegt.

Talað var um að til dæmis væri kynfræðsla aðeins um 2% af allri fræðslu í náttúrufræði. Við teljum þetta mjög nauðsynlegt innlegg í umræðuna og viljum ítreka að kynfræðsla á ekki bara að snúast um allt það neikvæða sem getur gerst eða það sem getur farið úrskeiðis, heldur er líka mikilvægt að fræða og ræða um kynfræðslu á jákvæðan og uppbyggjandi hátt. Við vitum að kynsjúkdómar eru hættulegir en við þurfum og viljum líka fræðast um allt það jákvæða sem kynfræðslan ætti að hafa upp á að bjóða.

Að okkar mati þurfum við til dæmis að fræðast meira um hvað er eðlilegt og hvað er ekki eðlilegt í samböndum. Maður þarf ekki annað en að fletta í gegnum vefmiðla og fréttir til að sjá að alltof margir eru að lenda í ofbeldissamböndum í dag. Það er að segja samböndum sem til dæmis fela í sér misnotkun, ofbeldi, óheilbrigð samskipti og jafnvel nauðganir. Við fögnum í þessu samhengi herferðinni: *Sjúk ást* sem við teljum mjög nauðsynlega og hefur eflaust opnað augu margra. En á sama tíma furðum við okkur á því að við þurfum að leita eftir styrkjum og fá hjálp frá félagsmiðstöðinni til að fá þessa fræðslu sem við teljum að sé mjög mikilvæg fyrir okkur. Okkur finnst að skólinn eigi að hjálpa okkur að fræðast um þessi mál. Því það stuðlar að betri sjálfsmynd og hjálpar okkur með samskipti á milli kynjanna.

Að endingu vil ég nefna að á málþinginu okkar kom einnig sterkt fram að ungt fólk vill fá meiri fræðslu um fjármál og rekstur.

Mörg ungmenni sem koma út á vinnumarkaðinn kunna ekki til að mynda að lesa út úr launaseðlum sínum eða vita jafnvel ekkert um skatta og þannig mætti lengi telja.

Mjög mikilvægt er að við lærum að stýra fjármálunum okkar sjálf og öðlast betri skilning á ýmsu tengdu fjármálum. Það er margt spennandi að gerast í lífi okkar en það kostar allt peninga. Foreldrar okkar eru misvel stæðir og á meðan sumir fá alla þá peninga sem þá vantar eru aðrir sem þurfa að neita sér um hluti því það er ekki til peningur. Margir eru einnig farnir að vinna með skólanum og í sumarfríum og á málþinginu kom skýrt fram að okkur finnst við þurfa meiri fræðslu um mikilvægi sparsemi og ábyrgðar í fjármálum.

Ég vil að lokum þakka fyrir mig og þennan flotta vettvang og tækifæri fyrir ungt fólk á Akranesi til að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri.